

Fimmtudaginn 29. janúar 1998.

Nr. 140/1997.

Elín Hallgrímsdóttir

(Björn Jónsson hrl.)

gegn

Inga Ingimundarsyni

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Skaðabætur. Gjaldþrotaskipti. Skiptastjóri.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1997 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 6.663.924 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. júlí 1991 til greiðsludags, til vara, að stefndi greiði skaðabætur, að fjárhæð 3.244.214 krónur, með sömu dráttarvöxtum, en til þrautavara lægri skaðabætur. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, verði á aðalkröfu eða varakröfu fallist, en að öðrum kosti falli hann niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Elín Hallgrímsdóttir, greiði stefnda, Inga Ingimundarsyni, samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. desember 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 23. júní 1996, og dómtekið 16. þ. m. Stefnandi er Elín Hallgrímsdóttir, kt. 100142-4499, Hraunbæ 164,

Reykjavík. Stefndi er Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, kt. 150925-2669, Hlíðartúni 4 b, Mosfellsbæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 10.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 18. júlí 1991 til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda lægri fjárhæð, en með sama vaxtafæti og að ofan greinir. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

2. Í stefnu er greint frá atvikum málsins í meginatriðum þannig:

Fyrrverandi eiginmaður stefnanda, Sigurður Guðmundsson, fékk úthlut að leigulöðunum Grasarima 6 og 8 frá Reykjavíkurborg, en hugðist skila þeim vegna slæms fjárhags. Sýndi stefnandi þá áhuga á að taka við þeim, en hún hafði áður fengist við húsbyggingar, og gerðu þau samning um það 23. febrúar 1990. Réð stefnandi Sigurð til að hafa umsjón með hinum verklega þætti byggingarframkvæmdanna.

Lögbann, sem lagt var við veru stefnanda og Sigurðar á byggingarstað í kjölfar töku bús hins síðarnefnda til gjaldþrotaskipta, var fellt úr gildi með dómi, sem hafi byggst á því, að framangreindum samningi hafi ekki verið rift og ekki þætti sýnt, að stefndi væri eða hefði verið eigandi eignanna að Grasarima 6 og 8. Þar sem stefndi hafi selt eignirnar grandalausum aðila, hafi ekki verið fær sú leið að bríða þeim, enda hafi stefnandi búist við því, að stefndi hefði samband við sig og byði sér bætur.

Stefnandi tekur fram, að þegar er hún tók við framkvæmdunum, hafi hún lagt í kostnað og gengið í skuldbindingar vegna þeirra. Hafi hún síðan verið að greiða niður þessar skuldir og hlotið af miklar búsjifar.

Málsástæður stefnanda:

1. Stefndi reisir dómkröfur sínar á því, að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 10. mars 1992 í málinu nr. E-9041/1991 hafi verið staðfest, að ekki hafi verið lagaskilyrði fyrir því lögbanni, sem lagt var á stefnanda 27. júní 1991 og 19. júlí sama ár, þar sem þb. Sigurður Guðmundssonar gat ekki sýnt fram á, að búið væri eigandi eignanna að Grasarima 6 og 8, Reykjavík. Af þeim sökum sé samningur stefnanda og Sigurðar Guðmundssonar frá febrúar 1990 ennþá í fullu gildi og því ljóst, að stefndi sem opinber sýslunarmaður hafi með ólögðum hætti valdið stefnanda tjóni, að fjárhæð 8.250.000 kr., með því að selja eignirnar að Grasarima 6 og 8, þá eignir stefnanda, Ólafi Guðmundssyni, Leiðhömr-um 29, Reykjavík, 19. 7. 1991.

2. Stefnandi heldur því fram, að stefnda hafi borið að rifta samningnum frá 23. febrúar 1990 milli stefnanda og Sigurðar Guðmundssonar á grundvelli riftunarreglna þágildandi gjaldþrotalaga, en þá hefði stefnandi getað komið að sínum kröfum og sjónarmiðum sem og sanngirnisástæðum 65. greinar þágildandi gjaldþrotalaga. Einnig er víst, að stefnandi hefði fengið tækifæri til að sýna, að hún hefði ekki auðgast á kostnað búsins með samningnum frá 23. febrúar 1990. Stefnanda hafi því verið gert ókleift að gæta réttar síns.
3. Stefnandi telur, að stefndi hafi ekki haft leyfi frá stærstu kröfuhöfum búsins til þess að fara þá leið, sem hann fór, til að komast yfir eignirnar að Grasarima 6 og 8, Reykjavík, en ekki hafi verið búið að þinglýsa lóðarleigusamningi um þessar lóðir, þegar lögbannið var sett.
4. Fjárhæðir dómkröfu stefnanda eru þannig uppbyggðar:

Bætur vegna sölu á eignum stefnanda	kr. 8.250.000
Miskabætur vegna ólögmætra lögregluaðgerða og fjárnáms	– 3.086.070
Frádráttur v. ógreiddra fasteignagjalda	– 1.336.070
Samtals	kr. 10.000.000

Bætur vegna sölu á eignum stefnanda að Grasarima 6 og 8 eru miðaðar við fjárhæð kaupsamningsins frá 18. júlí 1991, 8.250.000 kr. Telur stefnandi ljóst, að andvirði framkvæmdanna hafi numið a. m. k. þeirri fjárhæð og að löglíkur séu þess vegna fyrir því, að þetta hafi verið tjón stefnanda.

Krafa um miskabætur er grundvölluð á því, að stefnandi hafi orðið fyrir mjög verulegum óþægindum og hneisu vegna aðgerða stefnda í málinu. Þannig hafi stefndi farið fram á lögbann og neytt stefnanda til að halda sig frá framkvæmdum þeim, er hún stóð fyrir að Grasarima 6 og 8. Hafi stefnandi orðið fyrir verulegum óþægindum af þessum sökum og auk þess glatað við þetta tiltrú verktaka og ekki getað ráðist í aðrar byggingarframkvæmdir síðan. Einnig hefur stefnandi á síðustu árum orðið að svíkja þá, er unnu fyrir hana að Grasarima 6 og 8, um greiðslu fyrir vinnu sína. Hefur hún ekki getað greitt af þeirri einföldu ástæðu, að framkvæmdir, að andvirði a. m. k. 8.250.000 kr., voru af henni teknar algerlega bótalaust. Hefur stefnandi víða beðið mikinn álitshnekki vegna þessa.

Til grundvallar kröfu sinni skírskotar stefnandi til 67. gr. stjórnarskránnar um, að eignarrétturinn sé friðhelgur og enginn verði sviptur eignum sínum bótalaust. Einnig er vísað til almennu skaðabótareglunnar um sök stefnda sem opinbers sýslunarmanns. Um miskabætur er vísað til 264. gr. almennra hegningarlaga og skaðabótalaga.

3. Í málinu krefur stefnandi stefnda um bætur á þeim forsendum, að hann

hafi með því að selja eignirnar að Grasarima 6 og 8 18. júlí 1991, sem þá hafi verið eignir sínar, valdið sér tjóni á ólögmatan hátt.

Kaupsamningur tilgreinir sem seljanda „þb. Sigurðar Guðmundssonar, kt. 230820-3849. Bústjóri Ingi Ingimundarson“. Kaupandi var Ólafur Guðmundsson, Leiðhömrum 29, Reykjavík. Hinu selda er lýst sem „Byggingarframkvæmdir á lóðunum Grasarima 6–8 í Reykjavík ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum og öllu byggingarefni, þ. m. t. tveimur vinnuskúrum, 14 gluggum, steypujárni og timbri“. Kaupverð var 8.250.000 kr. Til þess er vísað, að við samningsgerð liggja fyrir skjal frá Reykjavíkurborg, sem samþykki kaupanda sem lóðarhafa, og afrit af riftun kaupanda á kaupsamningi við Elínu Hallgrímsdóttur. Þar er einnig svofelld áritun: „Eftirfarandi atriðum vildi skiptastjóri, Ingi Ingimundarson, koma á framfæri: 1. Kaupanda er kunnugt um „samning“ og „umboð“, dagsett 23. 2. 1990, milli þrotamanns og fyrrverandi konu hans, Elínar Hallgrímsdóttur. 2. Skiptastjóri getur ekki tekið ábyrgð á því, að iðnmeistarar skrifi sig af Grasarima 6–8, og getur ekki heldur útvegað burðarþols- og/eða raflagnateikningar, ef til eru, þar sem víst er, að þrotamaður lætur þær ekki af hendi. Fyrir liggur lögþannskúrður um athafnir þrotamanns á hinu selda. Seljandi skuldbindur sig til að setja tilskildar tryggingar strax.“ Á skiptafundi í þrotabúi Sigurðar Guðmundssonar málarameistara (hér á eftir skammst. S. G.) 22. maí 1991 var bókað, að „fundarmenn komast að þeirri niðurstöðu, að vænlegast sé, úr því að þrotamaður er þinglesinn eigandi eignarinnar, að selja eignirnar að Grasarima, og yrði það þá að vera undir eiginkonu þrotamanns komið, hvort hún hyggt mótmæla þeirri sölu á grundvelli þess, að þrotamaður afsalaði henni eignunum með gerningi, dags. 23. 2. 1990.“

Stefnandi og S. G., sem gengu í hjónaband 1965, skildu að borði og sæng í janúar 1989 og fengu leyfi til lögskilnaðar 6. mars 1990. Meðan skilnaður að borði og sæng stóð, var S. G. með lögheimili að Hjarðarhaga 58, en samkvæmt því, sem fram kom við fyrirtöku í skiptarétti 8. apríl 1991 (sbr. síðar), var hann þá fluttur heim til stefnanda að Hraunbæ 164, Reykjavík, þar sem hann á enn lögheimili.

Með bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 24. janúar 1990, var S. G. gefinn kostur á byggingarrétti fyrir parhús á lóðinni (lóðunum) nr. 6–8 við Grasarima í Reykjavík. Í bréfinu var vakin athygli á reglum um lóðaúthlutun í Reykjavík, en meðal skilyrða er, að umsækjendur séu fjárráða. S. G. innti af höndum greiðslu gatnagerðar- og heimæðagjalda 23. febrúar 1990, og umsókn hans um byggingarleyfi var samþykkt í byggingarnefnd 26. júlí sama ár samkvæmt teikningum að húsi á ofangreindri lóð.

13. febrúar 1990 var gert árangurslaust fjárnám hjá S. G. að kröfu Gjald-

heimtunnar í Reykjavík, sem krafðist síðan gjaldprotaskipta. Úrskurður um töku bús S. G. til gjaldprotaskipta var kveðinn upp 10. september 1990. Með innköllunum var m. a. skorað á þá, sem teldu til eigna í vörslum búsins, að lýsa kröfum sínum, og lauk kröfulýsingarfresti 31. desember sama ár. Ljóst virðist af kröfulýsingaskrá, að kröfum vegna framkvæmda á greindum lóðum hafi verið beint að þrotabúinu, þ. á m. kröfu B. M. Vallá, 1.856.612,64 kr., fyrir steypuúttekt og Breiðfjörðs blikksmiðju, 310.954,42 kr. Einnig var krafist greiðslu samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, út gefnum til B. M. Vallá af S. G. 11. október 1990, hvort að fjárhæð 2.000.000 kr. og með 2. veðrétti, annars vegar í Grasarima 6 og hins vegar í Grasarima 8, parhúsi, ásamt tilheyrandi leigulóðum. Borgarsjóður Reykjavíkur hafði veitt samþykki til veðsetninga þessara. Síðastgreindri kröfu var hafnað, en að henni frátalinni nam fjárhæð lýstra krafna 13.274.678,91 kr.

10. júní 1991 ritar S. G. með tilgreindu heimilisfangi að Týsgötu 5, Reykjavík, borgarverkfræðingi bréf og fer fram á, að réttindi sín að lóðum nr. 6 og 8 við Grasarima verði færð yfir á stefnanda. Færir hann fram þær ástæður, að hann hafi átt í greiðsluerfiðleikum að undanfögnu, fari líklega í gjaldprotaskipti og sjái ekki fram á, að unnt verði að ljúka framkvæmdum samkvæmt skilmálum borgaryfirvalda. Í bréfinu segir enn fremur, að vegna slæmrar fjárhagsstöðu hafi stefnandi þá þegar tekið við framkvæmdum, enda hafi hún fjármagnað „núverandi framkvæmdir“ og hafi fjárhagslega getu til að ljúka við bygginguna. Að beiðni stefnda sem skiptastjóra þrotabús S. G. samþykkti borgarráð Reykjavíkur 16. júlí 1991, að Ólafur Guðmundsson yrði lóðarhafi framangreindrar lóðar (-greindra lóða) og fengi að taka að sér byggingarrétt fyrir parhús á henni.

19. júlí 1991 var að kröfu þrotabús S. G. og samkvæmt úrskurði fógetaréttar frá 27. júní s. á. lagt lögbann við veru stefnanda máls þessa og S. G. á byggingarstað, Grasarima 6–8, Reykjavík, svo og hvers konar byggingarframkvæmdum þeirra þar eða manna á vegum þeirra. Enn fremur náði lögbannið til sölu þeirra eða leigu á lóð og fasteign. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli, sem þrotabúið höfðaði gegn gerðarpólum til staðfestingar lögbannsins, var kveðinn upp 10. nóvember 1992. Þar kemur fram, að samkvæmt lýsingu sölumanns á fasteignasölu frá 15. apríl 1991 sé parhús á tveimur hæðum, 168,2 fm hvort hús, í smíðum á umræddum lóðum. Neðri hæð húsanna sé uppsteypt, án milliplotu, lóð sé ójöfnuð og lagnir í hana ófrágengnar. Á staðnum séu gluggar og eitthvað af efni. Í forsendum dómsins segir, að stefnanda hafi verið tiltæk ráð til þess að reyna að hnekkja samningi stefnanda þessa máls og S. G., svo sem með því að krefjast riftunar hans eða ógildingar. Pyki stefnandi ekki hafa sýnt fram á með nægilega

órækum hætti, að hún sé eða hafi verið eigandi eignanna. Varð niðurstaða dómsins sú, að framangreind lögbannsgerð var felld úr gildi. Stefnandi höfðaði ekki skaðabótamál og þá innan lögmæltis frests á hendur búinu á grundvelli laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949, sbr. lög nr. 31/1990. Hinn 22. mars 1993 fékk búið afhenta tryggingu, að fjárhæð 750.000 kr., sem hafði verið sett fyrir lögbanninu þrátt fyrir yfirlýsingar umboðsmanns gerðarþola um væntanlega málshöfðun.

Við skýrslugjöf fyrir skiptarétti Reykjavíkur 8. apríl 1991 kvaðst S. G. vera eignalaus eða því sem næst. Hann kvaðst aldrei hafa greitt neitt í ofangreindum lóðum, heldur hefði stefnandi gert það, og hún væri lóðarhafi samkvæmt samningi þeirra á milli, dags. 23. febrúar 1990, sem hann framvísaði. Samkvæmt samningnum tekur stefnandi við úthlutun leigulóða að Grasarima 6 og 8, Reykjavík. „Mun nefnd Elín Hallgrímsdóttir greiða öll lóðargjöld til Reykjavíkurborgar svo og standa að öllum framkvæmdum á umræddum lóðum ... í eigin nafni ...“. Hann kvaðst starfa sem byggingarmaður; hann hafi verið „að dunda við þessar byggingar í Grasarima 6–8“, og myndi hann fá borgað hjá stefnanda, þegar því verki yrði lokið. Í málinu liggur einnig frammi umboð, dags. 23. febrúar 1990, frá S. G. til stefnanda til þess að veðsetja eða heimila veðsetningu og til að selja og afsala fasteigninni nr. 6 og 8 við Grasarima í Reykjavík.

Í skýrslu, sem stefndi gerði 31. ágúst 1992 sem skiptastjóri í þrotabúi S. G., segir, að lögmaður stefnanda máls þessa hafi ritað skiptaréttinum og gert kröfu um skil á ýmsu byggingarefni, sem hún hafi átt á lóðinni. Haldnir hafi verið tveir til þrír fundir út af þessu og lögmanninum gefinn kostur á að leggja fram greinargerð, sem þó hafi aldrei orðið, og „féll þetta niður“. Þetta samrýmist fram lögðum endurritum úr skiptabók Reykjavíkur. Þannig var bókað á skiptafundi 16. desember 1991, sem boðað var til að beiðni lögmannsins, að á næsta skiptafundi, 22. janúar 1992, yrði hann að hafa reif- að hugsanlega kröfugerð stefnanda máls þessa á hendur búinu. Að öðrum kosti yrði litið svo á, að hann myndi engar kröfur gera. Lögmaðurinn sótti ekki fundinn 22. janúar, en boðaði forföll jafnframt því, sem hann óskaði að fá að leggja fram greinargerð vegna krafna sinna. Í tilvitnaðri skýrslu skiptastjóra er einnig greint frá því, að hann hafi samþykkt að endurgreiða Ólafi Guðmundssyni, kaupanda fasteignar búans, 250.000 kr. í skaðabætur vegna vinnuskúrs, sem var á lóðinni, en reyndist vera eign byggingarmeistara hússins.

Með bréfi, dags. 27. júní 1994, tilkynnti lögmaður stefnanda stefnda, að hún hygðist höfða skaðabótamál á hendur honum og þrotabúi S. G. innan skamms.

4. Stefndi styður kröfu sína um sýknu einkum aðildarskorti, það er, að málið sé höfðað gegn röngum aðila. Í því sambandi er bent á, að á þeim tíma, er þær ráðstafanir voru gerðar, sem mál þetta er sprottið af, hafi stefndi verið skiptastjóri í þrotabúi Sigurðar Guðmundssonar samkvæmt XIII. kafla laga nr. 6/1978.

Í öðru lagi er sýknukrafa á því reist, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti um að halda ætluðum rétti sínum til haga, að hann sé niður fallinn, hafi hann einhver verið. Stefnanda hljóti að hafa orðið kunnugt um sölu framkvæmdanna að Grasarima 6 og 8, fljótlega eftir að hún fór fram, og ekki síðar en í ágústlok 1991, sbr. bréf lögmanns hennar til borgarverkfræðings, dags. 29. 8. 1991.

Í þriðja lagi er sýknukrafa á því byggð, að samningur sá, sem um ræðir milli stefnanda og Sigurðar Guðmundssonar, sé málamyndagerningur, sem hafi ekki verið bindandi fyrir þrotamann samkvæmt efni sínu og þá ekki heldur fyrir búið.

Loks er kröfugerð stefnanda mótmælt sem of hárrí. Krafa um miskabætur vegna lögbanns sé fyrnd, kröfum vegna byggingarframkvæmda hafi verið lýst í þrotabúi Sigurðar Guðmundssonar, og ekki hafi verið dregnar frá kröfufjárhæð 250.000 kr., sem hafi verið endurgreiddar Ólafi Guðmunds-syni af kaupverði framkvæmdanna í Grasarima.

Stefndi vísar um sýknukröfuna til reglna íslensks réttar um stöðu umboðsmanns, sem starfar innan umboðs síns, 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, XIII. og XIV. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, reglna íslensks réttar um tómlætisáhrif, 24., 27. og 28. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, 52. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. og réttaráhrifaleysis málamyndagerninga.

5. Kröfugerð stefnanda á hendur stefnda grundvallast á störfum hans sem skiptastjóra þrotabús Sigurðar Guðmundssonar, meðan enn voru í gildi gjaldþrotalög nr. 6/1978.

Í XIII. kafla nefndra laga er fjallað um bústjórn. Skiptastjóri var framkvæmdastjóri þrotabús og kosinn af kröfuhöfum á skiptafundi. Segir m. a. í 1. mgr. 91. gr., að skiptastjóri skuli gæta hagsmuna búsins, vera umboðsmaður þess gagnvart öðrum og fyrir dómstólum og gera svo fljótt sem verða má ráðstafanir varðandi meðferð þess. Í því skyni skuli hann gera ráðstafanir til, að allar eignir þrotamanns komi fram og séu afhentar búinu, eins og lög mæli, að eignirnar séu tryggilega varðveittar og að þeim sé ráðstafað á sem hagkvæmasta hátt. Þá skuli skiptastjóri stjórna atvinnurekstri búsins, ef einhver sé, og innheimta kröfur búsins á aðra.

Í XIV. kafla er fjallað um skiptafundi. Segir í 1. mgr. 96. gr., að skiptaráð-

andi geti boðað til skiptafunda, þegar hann telji þess þörf eða skiptastjóri eða maður í kröfuhafanefnd krefjist þess. Samkvæmt 3. mgr. sömu laga-greinar skyldi skiptaráðandi stjórna skiptafundum, sem samkvæmt 4. mgr. skyldu hafa ákvörðunarvald um málefni þrotabús innan þeirra marka, sem lög kváðu á um, sbr. 105. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 97. gr. voru álykt-anir skiptafundar bindandi, ef hann sóttu fulltrúar þriðjungs kröfuhafa, tal-ið eftir kröfufjárhæðum.

Í XV. kafla ræðir um eftirlit, aðallega af hálfu skiptaráðanda sem og kröfuhafanefndar, gagnvart skiptastjóra. Segir í 105. gr.: „Ef skiptastjóri eða skiptafundur hefst eitthvað að, sem er til tjóns fyrir búið, eða sé brotinn réttur veðhafa, þrotamanns eða annarra, getur skiptaráðandi ógilt ákvarð-anirnar, gefið skiptastjóra fyrmæli og gert aðrar nauðsynlegar ráðstafan-ir ...“

Í málinu liggja frammi endurrit allmargra skiptafunda í þrotabúi Sigurðar Guðmundssonar. Þeir voru allir haldnir í skiptarétti Reykjavíkur af settum borgarfégeta eða fulltrúa yfirborgarfégeta og að viðstöddum skiptastjóra, stefnda í máli þessu, og umboðsmönnum kröfuhafa. Eigi verður annað séð en að ýtarlega hafi verið gerð grein fyrir málefnum búsin og öllum ráðstöf-unum, sem það vörðuðu, þegar er tilefni gáfust.

Sú ákvörðun að selja framkvæmdirnar á lóðunum Grasarima 6 og 8 var tekin á ákvörðunarbærum skiptafundi í þrotabúinu 22. maí 1991. Með söl-unni 18. júlí 1991 var stefndi að sinna þeirri skyldu sinni að framfylgja bind-andi ákvörðun skiptafundarins.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða málsins sú, að kröfur stefnanda verði eigi með réttu uppi hafðar gegn stefnda og að þegar vegna aðildar-skorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, beri að sýkna hann af kröfum stefnanda. Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 400.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ingi Ingimundarson, er sýknaður af kröfum stefnanda, Elínar Hallgrímsdóttur.

Stefnandi greiði stefnda 400.000 krónur í málskostnað.